



Innsetningarræða
Sveins Björnssonar
í embætti forseta Íslands
1. ágúst 1945

Um leið og ég tek nú við starfi sem þjóðkjörinn forseti lýðveldisins um næstu fjögur ár, læt ég í ljósi innilegt þakklæti mitt fyrir það traust, sem mér hefir verið sýnt með því að fela mér þessa vandasömu virðingarstöðu. Það mun verða mér styrkur í starfinu.

En ég kenni enn meira þakklætis í hjarta mínu fyrir eininguna, sem varð um þetta fyrsta þjóðkjör forseta íslenska lýðveldisins. Ekki sjálfs míns vegna, heldur vegna íslensku þjóðarinnar. Það mun verða til að treysta hið unga lýðveldi, bæði inn á við og út á við. Ég marka það meðal annars á bréfum og skeytum, sem mér hafa borist og öðrum ummælum, sem hníga ákveðið í þá átt.

Nú kemur til kasta okkar allra, Íslendinga, að auka öryggi hins íslenska ríkis með hverjum þeim hætti, sem í okkar valdi stendur. Ætti hverjum Íslendingi að verða það metnaðarmál og ábyrgðar, að færa þær fórnir á því altari, sem með þarf, og láta ekki ágreining um mál sem minna skipta, verða að þröskuldi á þeirri braut.

Öryggi lýðveldisins verður ekki tryggt án vinsamlegrar samvinnu við aðrar þjóðir. Þessvegna á það við, að gera sér grein fyrir afstöðu Íslands til annarra ríkja eins og hún er nú og mun sennilega verða í framtíðinni.

Um leið og lýðveldið var stofnað, 17. júní 1944, hlaut það viðurkenningu margra okkur vinveittra ríkja. Meðal þeirra fremstu í þeim flokki voru stórveldin Bandaríkin og Stóra Bretland. En eins og kunnugt er, gáfu einmitt þessi tvö stórveldi þá yfirlýsingu, með Atlantshafssáttmálanum 1941, að hver þjóð ætti rétt á að ráða sjálf og ein stjórnarformi sínu. Hikuðu þau ekki við að standa við þá yfirlýsingu gagnvart Íslandi. Við hljótum að bera þakkarhug í brjósti fyrir þetta, bæði til þessara tveggja stórvelda og annarra velda sem þá strax og síðar sýndu okkur sömu viðurkenningu.

Það er kennt í þjóðarétti, að til þess að ríki geti tekið þátt í alþjóðastarfsemi sem fullgildur aðili, þurfi viðurkenningu annarra ríkja. Ennfremur, að ef eitt eða fleiri stórveldanna veiti slíka viðurkenningu, muni að jafnaði ekki standa á viðurkenningu annarra ríkja. En réttarríki munu gæta þess að veita því aðeins viðurkenninguna að talið sé í samræmi við alþjóðalög.

Með þessum viðurkenningum, sem ég hefi minnst á, hefir þannig fengist traustur grundvöllur fyrir íslenska lýðveldið að byggja á.

Fyrir rúnum fjórum árum tók ég fyrst við ríkisstjórnarstarfinu. Við það tækifæri lét ég falla orð um, að það væri nú, sem fyrr, eindreginn vilji og ósk Íslendinga, að þótt við óskum fyrst og fremst að teljast í hópi frjálsra Norðurlandþjóða, mættum við einnig í framtíðinni eiga heima í hópi þeirra annarra lýðræðisþjóða, sem vilja byggja líf sitt, framtíð og gagnkvæm viðskipti á grundvelli réttarins, með gagnkvæmri

virðingu fyrir rétti hver annarrar og orðheldni. Þau ummæli voru í samræmi við stefnu stjórnar og þings þá, eru það nú, og ég hygg að yfirgnæfandi meirihluti íslensku þjóðarinnar hafi verið þeirrar skoðunar þá, sé það enn í dag og muni verða í framtíðinni. Þetta samrýnist að öllu fyrri atburðum í þjóðlífi okkar, og atburðum, sem orðið hafa síðan.

Í sambandi við afgreiðslu lýðveldismálsins, gerði Alþingi þá ályktun vorið 1944, að það teldi „sjálfsagt, að íslenska þjóðin kappkosti að halda hinum fornu frændsemi- og menningarböndum, er tengt hafa saman þjóðir Norðurlanda, enda er það vilji Íslendinga, að eiga þátt í norrænni samvinnu að ófriði loknum.“ Þessi yfirlýsing markar ákveðið óskir okkar um nána framtíðarsamvinnu við hinar Norðurlandþjóðirnar. Eitt af táknum um einlægni íslensku þjóðarinnar í þessu efni tel ég vera þá innilegu samfagnaðaröldu, sem reis meðal alls almennings hér á landi er Danmörk og Noregur fengu aftur frelsi sitt. Og það, sem gerst hefir síðan, sýnir að samvinnan er nú þegar hafin.

Það hafa borist fréttir, eftir að samband er aftur komið á milli landanna, þótt slitrótt sé enn, um óánægju sem gert hafi vart við sig í Danmörku, vegna þess að við frestuðum ekki lýðveldisstofnuninni fram yfir ófriðarlok. Í stað þess að gera of mikið úr þessum fréttum, ætti okkur að vera ljúft að minnast þeirra hlýju kveðja frá konungi og stjórn Dana, sem borist hafa eftir lýðveldisstofnunina, og annarra vinsemdarvotta af hálfu danskra manna.

Því miður var samgönguteppa af völdum ófriðarins, er sá tími var kominn, að heimilt var að slíta fyrri sambandi, samkvæmt samningum þeim sem þjóðirnar höfðu gert með sér af fúsum og frjálsum vilja. Vegna óvissunnar taldi yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar ekki rétt að láta þetta óviðráðanlega ástand, valda frestun lýðveldisstofnunarinnar.

Tilfinningar manna eru staðreynd engu síður en lögmætar athafnir. Okkur hefir verið ljóst að hörmungar þær, er Danir hafa orðið að þola undanfarin ár, hafa hlotið að valda dönsku þjóðinni með hinn aldraða og hugprúða konung í broddi fylkingar miklum sársauka. Slíkt gerir tilfinningar enn næmari. Með fullum skilningi á þessu, ættum við að forðast að mæta óánægju með óánægju, þar sem hún kann að gera vart við sig. Nú standa fyrir dyrum samningar við Dani. Það er von okkar og ósk að þeir fari fram í andrúmslofti vinsemdar og gagnkvæms skilnings. Að því viljum við vinna. Við trúum því að vinsamleg samvinna verði einnig í framtíðinni milli okkar og þessarar fyrri sambandsþjóðar okkar. Og það er okkur ánægjuefni, að vita að ýmsir merkir áhrifamenn meðal Dana bera einnig þessa trú í brjósti.

Misseri áður en styrjöldin hófst, eða snemma á árinu 1939, neituðu Íslendingar að verða við þeim tilmælum Þjóðverja að þeir fengju flugstöðvar, og aðrar stöðvar í sambandi við þær, hér á landi, þótt boðin væru á móti freistandi fríðindi. Þá höfðu margar aðrar þjóðir undanfarið sýnt þeim undanlátssemi á ýmsan hátt. Mér er það minnisstætt, að erlendur maður samfagnaði mér þá vegna þjóðar minnar, að Ísland, sem væri meðal minnstu ríkja Norðurálfunnar, skyldi hafa tekið þessa ákveðnu afstöðu gegn ágengni Þjóðverja.

Hvað sem annars má um þetta segja hafði Ísland þannig þegar fyrir styrjöldina neitað samvinnu við Þjóðverja, sem afdrifarík hefði getað orðið er til styrjaldar kom. Enda er það haft eftir einum aðalráðamanna Þjóðverja þá, að þeir hefðu haft áform um að hernema Ísland snemma í styrjöldinni, en hætt við þau áform vegna þess að hér voru engir flugvellir.

Eins og kunnugt er háðu lýðræðisþjóðirnar nær 6 ára blóðuga baráttu í Norðurálfu, á Atlantshafi og víðar, uns einræðisvald ráðamanna Þjóðverja var að velli

lagt. Við höfðum að vísu lýst yfir ævarandi hlutleysi og höfum ekki enn fallið frá þeirri yfirlýsingu. En öll ófriðarín áttum við slíkt samstarf við andstæðinga Þjóðverja í baráttu þeirra fyrir frelsi og lýðræði, að ekki gat leikið vafi á því hvoru megin væri samúð stjórnarvaldanna og alls þorra þjóðarinnar í þeirri baráttu.

Ég vil í því efni minna á það, hve *árekstarlítill* var sambúðin við breska setuliðið, þótt það kæmi hingað gegn mótmælum okkar. Mér er ekki kunnugt að Íslendingar gerðu tilraunir til þess að gera því erfitt fyrir, því síður um skemmdarverk. Er til tals kom, sumarið 1941, að Bandaríkin tækju að sér hvernud Íslands, gerðum við hiklaust samninga við þau um það. Sambúðin við bandaríska setuliðið var góð frá byrjun og virtist ganga æ betur fram á síðustu stundu. Þó mun hér hafa verið í landi óvenjumikill fjöldi herliðs þeirra, er mest var, samanborið við fólksfjölda í landinu. Við héldum áfram þrotlaust að flytja bandamönnum björg í bú, þrátt fyrir miklar hættur og hlutfallslega óvenjumiklar mannfórnicr og skipstapa, sem við máttum illa við. Gat vopnlaus þjóð sýnt virkari samúð með bandamönnum?

Ég minnst þessa ekki í því skyni, að ég álíti að okkur beri að miklast af því. En þar fyrir má það ekki gleymast. Við gleymum heldur ekki þakklætisskuld okkar við þessar vinaþjóðir, bæði fyrir það hve annt ráðamenn þeirra létu sér um að gera sambúðina sem besta og fyrir margskonar aðra samvinnu og góða aðstoð þeirra.

Sameinuðu þjóðirnar notuðu aðstöðu sína hér á landi, með beinu og þegjandi samþykki okkar, til hernaðaraðgerða, sem voru þeim væntanlega ekki lítils virði í baráttunni við öxulveldin. Við vissum að þær háðu baráttu sína fyrir hugsjónum, sem við metum öllu ofar. Af greindum ástæðum munum við hafa verið taldir samvinnuþjóð þeirra („associated nation“). Því höfum við verið boðnicr og búnir til þátttöku í ýmiskonar alþjóðastarfsemi er þessar þjóðir stofnuðu til og okkur var gefinn kostur á að taka þátt í. Því erum við og boðnicr og búnir til áframhaldandi samvinnu við þessar þjóðir til þess að tryggja framtíðarfríð og öryggi í heiminum, á þann hátt sem okkur er fært.

Þótt hér sé um staðreyndir að ræða, sem hvorki eru nein nýjung né leyndarmál, tel ég rétt að rifja þær upp, vegna afstöðu okkar út á við. Sú afstaða hefir jafnan verið óbreytt öll styrjaldarárin og óháð vopnaláni þjóðanna í styrjöldinni. Enda á hún rætur sínar í samskonar þjóðræðishugsunarhætti, sem ríkir meðal lýðræðisþjóðanna. Við trúum á farsæld þess stjórnskipulags, að þjóðinni sé stjórnað með hagsæld allrar þjóðarheildarinnar fyrir augum af stjórn sem þjóðin ræður sjálf, eins og Abraham Lincoln orðaði það fyrir tæpri öld.

Um þessa stefnu vona ég að haldast megi eining meðal íslensku þjóðarinnar hér eftir sem hingað til.

Margir þeirra Íslendinga, sem nýkomnir eru heim eftir margra ára fjarveru í ófriðar- eða hernámslöndum, hafa lýst undrun og ánægju yfir breytingum, sem hér hafa orðið til bóta í fjarveru þeirra og yfir því, hve fólki líði hér almennt vel samanborið við líðan fólks í löndum þeim, sem þeir hafa dvalið í. Þeir hafa gleggra auga, sem getur gert samanburð, er byggist á eigin reynslu.

Ég efast ekki um að við berum öll þá ósk í brjósti, að þessi vellíðan megi haldast og að við eigum framundan miklu meiri breytingar til bóta.

En – enginn má gleyma því, að undanfarin ár hafa verið óvenjuleg ár á margan hátt. Við erum nú að byrja millibilsástand, sem hlýtur að verða, milli óvenjulegra styrjaldartíma og öruggari fríðartíma. Sem betur fer, er mannlífið svo auðugt að tilbrigðum, að ekkert er til sem mætti nefna „venjulega tíma“. Ýmsir eru bölsýnir á það, sem framundan er, aðrir bjartsýnir. Hvorttveggja getur gengið úr hófi fram, frekar en sennileg rök liggja til. Ástin á föðurlandinu byggist mjög á trú á landi og

þjóð. Þá trú getum við tæplega varðveitt nema nokkurrar bjartsýni gæti. Bjartsýni og trú á land og þjóð var uppistaðan hjá Jóni Sigurðssyni, samherjum hans og þeim sem tóku við af þeim í baráttunni uns fullkomið sjálfstæði fékkst. Sama hefir verið uppistaðan hjá þeim þjóðum, sem hafa þolað hverskonar hörmungar styrjaldarinnar í baráttunni fyrir nýrri og betra heimi.

En hér kemur meira til. Smátt og smátt er verið að lyfta blæju leyndarinnar af ýmsum átökum styrjaldarþjóðanna. Hugkvæmni, þol og þrek, og síðast en ekki síst staðgóð þekking hefir gert að veruleika margt, sem áður mundi hafa verið talið annaðhvort hreinir draumórar eða framtíðardraumar, sem ættu mjög langt í land að rætast.

Það mætti verða okkur lærdómsríkt hve miklu þessi staðgóða þekking hefir orkað um örlög þjóðanna í þessum mikla hildarleik, og á eftir að orka í því, sem framundan er. Það er lögð mikil áhersla á mikilvægi þekkingarinnar í áformum þeim, sem eru, um að búa öllum þjóðum betra líf en áður.

Sú fræðilega þekking, sem öll vísindi vinna með, hlýtur að verða hér á landi sem annarsstaðar, sá grundvöllur sem öll þróun byggist á, jafnt á verklegum sviðum sem öðrum. Niðurstöður vísindanna vísa leiðirnar. En þörf er aukinnar þekkingar á mörgum öðrum sviðum, svo sá leiðarvísir komi að notum.

„Það er eitthvað sérstakt við hvaðeina og ekkert verk er svo lítilfjörlegt eða auðvelt, að maður verði ekki að læra það,“ sagði danskur bóndi við ungan Íslending fyrir mörgum árum. Íslendinginn langaði til að fylgjast með samstarfsmönnum sínum við fremur óbrotna sveitavinnu en gat það ekki, vegna þess að hann kundi ekki nógu vel til verksins. Ætli þetta geti ekki átt við um nokkuð marga Íslendinga nú í dag? Aukin þekking á öllum sviðum ætti að vera markvisst takmark okkar. Í því munu felast fjársjóðir, sem hvorki mölur né ryð fær grandað.

Sá mikli áhugi, sem nú virðist vera með Íslendingum til þess að nota meiri fjárráð en við höfum áður haft, til að bæta framtíðarlífskjör þjóðarinnar með því að taka í þjónustu okkar tækni nútímans, kemur ekki að gagni, nema fyrst og fremst sé lögð áhersla á það, að afla sem bestar þekkingar á því hvernig á að nota þessa tækni og tækin, svo þau skili réttum og miklum afköstum. Hér eigum við mikið, enn óunnið, verk fyrir höndum, verk sem verða mun til þess að efla og auka trúna á land og þjóð, ef vel tekst.

Við verðum í þessu sambandi að gera okkur ljóst, að þeir óvenjulegu tímar, sem verið hafa undanfarið, geta ekki haldið áfram. Vegna mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli hefir verið slakað til á kröfunum um kunnáttu á ýmsum sviðum. Fólk, sem ekkert, eða lítið hefir lært til þeirra verka, sem því hefir boðist, hefir tekið boðinu um vinnu, sem þekkingu þarf til, án þess að hafa þá þekkingu. Þetta er ekki nema mannlegt. En af þessu getur leitt hættu, ef ekki er við gert í tíma, ekki síst fyrir yngri kynslóðina, sem á það göfuga hlutverk að byggja upp öryggi lýðveldisins. Sumir, sem eru áhugasamir og námfúsir, munu læra verkin smátt og smátt. Aðrir dragast aftur úr og missa máské af þeim dýrmætu árum, sem auðveldast er að læra. Auk þess verður margskonar vinna óeðlilega dýr af þessum ástæðum og á sinn þátt í að auka dýrtíðarbölið.

Á öðrum sviðum er hættu á að menn séu of fastheldnir við gamlar venjur og meira eða minna úrelt vinnubrögð, sem ekki standast í nútíma keppni. Og sú óhagsýni fær ekki staðist til lengdar, að afla sér nýrra tækja, sem annaðhvort koma ekki að fullum notum vegna þekkingarskorts á meðferð þeirra, eða endast miklu skemur en ella af sömu ástæðum.

Á meðan þetta millibilsástand stendur, meðan við erum að afla nýrra nútímataekja og læra að fara með þau, má búast við því, að við verðum að leggja meira að okkur en undanfarið, svo við getum staðið öðrum á sporði. Eitt af því, sem aukin tækni nútímans hefir leitt af sér, er það af færa lönd og þjóðir nær hver annarri. Það er ekki sennilegt að menn taki upp aftur kjörorðið um að löndin eigi að reyna að „vera sjálfum sér nóg“ um allar þarfir, eins og vildi brydda talsvert á milli styrjaldanna. Jafnvel ekki lönd sem eiga svo margskonar náttúruauðæfi, að möguleiki væri á að afla allra þarfa þjóðarinnar í landinu sjálfu. Því fjær er þetta okkur, sem byggjum eyland, sem að vísu á ýmis náttúruauðæfi, en þarf nú og mun ávallt þurfa að afla sér frá öðrum talsvert mikils, af þörfum sínum. Til þess að geta það án þess að eyða fjármunum þarf viðunandi markaði fyrir útflutningsframleiðslu okkar. Vöruvöndun og framleiðslukostnaður sem sé stillt svo í hof að hann sé sambærilegur við framleiðslukostnað þeirra annarra sem leita sömu markaða, er óumflýjanlegt skilyrði fyrir þessu. Engin þjóð mun telja sig hafa efni á því að kaupa okkar framleiðslu hærra verði en samskonar vörur eru fáanlegar annarsstaðar. Við mundum ekki fara fram á slíka greiðasemi, enda væri það óvænlegt til þess að tryggja sjálfstæði okkar og öryggi í framtíðinni, að vera háðir slíkri hjálp frá öðrum.

Ég tek nú við forsetastarfinu með óbreyttum ásetningi um að rækja störf mín samkvæmt viðurkenndum venjum nútímans í lýðfrjálsum ríkjum, þar sem þjóðhöfðingjavaldið er þingbundið. Þjónustuhugur minn við heill og hag allrar þjóðarinnar er og óbreyttur. Í þeim anda mun ég með guðs hjálp reyna að rækja störf mín þann tíma, sem mér er ætlað meðan mér endist heilsa og líf.